

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi og breytingar á hverfisskipulagi í Reykjavíkurborg.

Elliðaárdalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 7. júlí 2022, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Breytingin felst í að deiliskipulagsmörkum Elliðaárdals er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 1,7 ha. Breytingin er tilkomin vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegur sem verða utan skipulagssvæðis. Minnkunin er til að samræma mörk deiliskipulags Elliðaárdals við nýtt deiliskipulag Arnarnesvegur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Seljahverfi, hverfisskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 12. október 2022, að fella út tvær skilmálaeiningar úr hverfisskipulagi vegna skörunar við deiliskipulag Arnarnesvegur, sbr. tillögu að breytingu á hverfisskipulagi fyrir Seljahverfi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Efra-Breiðholt, hverfisskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 12. október 2022, að fella út tvær skilmálaeiningar úr hverfisskipulagi vegna skörunar við deiliskipulag Arnarnesvegur, sbr. tillögu að breytingu á hverfisskipulagi fyrir Efra-Breiðholt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 26. október 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 28. október 2022